

Mál nr. 275/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 25. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. maí 2025 hafi M ekið bifreið sinni A í gegnum hlið við þjónustumiðstöð X. Hliðið hafi verið hálfopið og ekki á hreyfingu. Þegar A hafi verið komin u.þ.b. hálf í gegnum hliðið hafi hliðið færst úr stað og lagst að A. Töluvert tjón hafi hlotist af þessu atviki og gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna þess.

Meðfylgjandi bréfi V til nefndarinnar er myndbandsupptaka af umræddu atviki. Í bréfi V segir að þar megi sjá að veður- og birtuskilyrði hafi verið góð og sjá megi að nokkru áður en A var ekið að hliðinu hafi hliðið byrjað að lokast og hafi það verið á hreyfingu alveg fram að því að M ók A inn um þann hluta hliðsins sem enn var opinn með þeim afleiðingum að hann ók utan í þann hluta hliðsins sem var á hreyfingu. Hafi honum því átt að vera augljóst að hliðið var að lokast áður en hann ók að því. Verði tjón á A því að fullu rakið til aðgæsluleysis M sjálfs en ekki hafi með nokkru móti verið sýnt fram á að það verði rakið til bilunar á hliðinu eða annarra atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að eftir skoðun á fyrirliggjandi myndbandsupptöku fallist hann á að hliðið hafi verið á hreyfingu þegar hann ók að því. Hreyfingin sé þó svo lítil að hún sé vart greinanleg og hafi alls ekki orðið til þess að M hafi skynjað að hliðið væri lokað eða að lokast. Þá sé það spurning hvort X hefði ekki átt að viðhafa einhvers konar eftirlit með hliðinu meðan það var að lokast.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú afstaða að tjón M verði rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs. Hliðið lokist hægt til þess að fyrirbyggja eða draga úr líkum á tjóni og er því hafnað að þörf hafi verið á einhvers konar verði við hliðið á meðan það lokaðist.

Álit:

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Af fyrirliggjandi myndbandsupptöku má sjá að einhvers konar vinnubifreið er ekið út um hliðið að þjónustumiðstöð X. Eftir að henni er ekið út má sjá að báðir hlutar hliðsins byrja að dragast saman, þ.e. hliðið lokast. Þegar A er ekið að hliðinu virðist það hafa lokast að u.þ.b. hálfu. Í þann mund sem A er ekið í gegn rekst þá vinstri hluti hliðsins, sem enn er að lokast, á afturhurð A bílstjóramegin og veldur tjóni á henni. Að mati nefndarinnar verður að telja að lokun hliðsins hafi verið vel greinileg þegar ekið var að því.

Að öðru leyti liggur lítið fyrir um umrætt hlið, virkni þess og tilgang, s.s. hvort það hafi átt að vera opið fyrir umferð almennings, eða hvort hafi þurft að opna það sérstaklega fyrir viðkomandi umferð. Liggur þá ekkert fyrir um að hliðið hafi á einhvern hátt verið vanbúið eða virkni þess óforsvaranleg. Né hefur verið sýnt fram á að sérstaks eftirlits hafi verið þörf með því. Hefur því að mati nefndarinnar ekki verið sýnt fram á að tjón á A verði rakið til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð vegna. Í ljósi þess að samkvæmt almennum sönnunarreglur hvílir það á M að sýna fram á það er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir